

Rangárþing eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 20. nóvember 2023
UST202311-131/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulag Rangárþings eystra 2020 - 2032 - Rauðafell 2

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 - 2032 fyrir Rauðafell 2.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina þrjú verslunar- og þjónustusvæði VP28 sem er 3,8 ha. að stærð þar sem gert er ráð fyrir ferðaþjónustu, veitingarekstri og gistingu, VP29 sem er 23,7ha þar sem gert er ráð fyrir ferðaþjónustu, gistingu, heilsulind o.fl. og VP30 sem er 8,6ha þar sem gert er ráð fyrir gistingu í gistihýsum. Minnkar landbúnaðarland sem því nemur.

Auk þess kemur fram að stefnt er að byggingu allt að 60 gistihýsa og allt að 60 útleiguhúsa í grýttum árfarvegi og í hlíðarfæti Rauðafells er stefnt á uppbyggingu allt að 30 útleiguhúsa, 60 - 90m² og fjárhúsin verða að heilsulind og að lokum verður syðst í landinu reist 30 útleiguhús í framræstri mýri og á bæjarhlaði Rauðafells verða fjós og hlaða gerð upp og þar útbúnir veislu- og samkomusalir, auk þess sem starfsfólk mun búa í íbúðarhúsi sem er á jörðinni.

Auk þess segir að lögð verði áhersla á arkitektúr, efnis- og litaval sem fellur að litum og formi landsins umhverfis.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um hvernig fráveitumálum verði háttað. Í umhverfismati, undir kaflanum um heilsu er vísað í reglugerð um fráveitu, en lítið er fjallað um hvernig fráveitumálum verði háttað og hver áhrif hennar verður á umhverfið.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

